

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Ölfusi fyrir árið 2007.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Ölfuss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) og skal gjaldið innheimtast með fasteignagjöldum, samanber samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Ölfusi dagsett 1. desember 2005.

#### 2. gr.

Gjaldið er árlegt sem hér segir:

- |    |   |                         |
|----|---|-------------------------|
| a) | Sorphreinsigjald á íbúðarhús            | kr. 8.700 pr./ár        |
|    | Sorpeyðingargjald á íbúðarhús           | kr. 4.900 pr./ár        |
|    | Tunnuleiga                              | kr. 370 pr./tunnu á ári |
|    | Flutningur á tunnu (fyrsta tunna frítt) | kr. 1.380 pr./ferð      |
- Fyrir hverja sérmetna fasteign er heimilt að leggja á vegna viðbótar pokaeyningar kr. 8.000.
- b) Atvinnuhúsnæði pokaeyning kr. 17.200 fyrir hvern poka.
- c) Á öll fyrirtæki lögaðila og annarra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar og/eða sorpeyðingar, skal leggja á sorpeyðingargjald og/eða sorphreinsunargjald.

#### 3. gr.

Fyrirtæki, lögaðilar og aðrir sem hafa með höndum starfsemi og koma með sorp á sorpmóttökustað sveitarfélagsins í Þorlákshöfn og/eða til Sorpstöðvar Suðurlands í Kirkjuferjuháleigu skulu greiða móttöku- og sorpeyðingargjald samkvæmt magni.

Gjaldskrá er árleg sem hér segir:

Flokkur A (efni með úrvinnslugjaldi og önnur efni sem ekki hafa kostnað í för með sér)

- Rúlluplast	0 kr./m <sup>3</sup>
- Hjólbarðar	0 kr./m <sup>3</sup>
- Spilliefni	0 kr./m <sup>3</sup>
- Fernur	0 kr./m <sup>3</sup>
- Skilagjaldsskildar umbúðir	0 kr./m <sup>3</sup>
- Föt	0 kr./m <sup>3</sup>
- Bílar	Skilagjald samkvæmt reglugerð

Flokkur B (endurvinnanlegt efni) 10 kr./kg eða 2.300 kr./m<sup>3</sup>

- Málmar	2.300 kr./m <sup>3</sup>
- Pappír	2.300 kr./m <sup>3</sup>
- Timbur	2.300 kr./m <sup>3</sup>
- Garðaúrgangur	2.300 kr./m <sup>3</sup>
- Veiðarfæri	2.300 kr./m <sup>3</sup>
- Kaðlar	2.300 kr./m <sup>3</sup>

Flokkur C (blandaður óendurvinnanlegur)	18 kr./kg eða 4.450 kr./m <sup>3</sup>
- Heimilisúrgangur	4.450 kr./m <sup>3</sup>
- Rekstrarúrgangur	4.450 kr./m <sup>3</sup>
- Byggingarúrgangur	4.450 kr./m <sup>3</sup>

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss er hér með staðfest samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að gilda fyrir árið 2007.

*Ölfusi, 27. desember 2006.*

**Ólafur Áki Ragnarsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. febrúar 2007